

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | |
|-----------------------------|----------------|
| Bnr. 0.0 | K/S 3.5.18 |
| Ábm. <i>[Signature]</i> | Svfr. |
| Afgr. <i>[Signature]</i> | ()Bréf ()St. |
| Lvm. | Trm. |

26. apríl 2018

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf.

Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2018, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2018 skv. upplýsingum af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gefið hefur verið út að reikna skuli orlof út frá kr. 110,91.- fyrir árið 2018.

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Velferðarráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2017, yfirlit yfir þátttakendur 2017 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu

Anna Kr. Ásmundsdóttir

Anna Kr. Ásmundsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

Kvenfélagasambands Íslands
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sambands sunnlenskra kvenna
Velferðarráðuneytis

Skýrsla Orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2017

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu fór fram dagana 24. – 29. september 2017 í Vestmannaeyjum.

53 konur tóku þátt.

Orlofsnefnd Árnes- og Rangárvallasýslu hélt fimm fundi og var skipst á að hittast í Árnassýslu og Rangárvallasýslu. Einnig voru mjög mikil samskipti í gegnum síma og net. Orlofsnefndin hefur komið sér upp netfangi: orlofsnefnd@gmail.com.

Vinna nefndarinnar fólst í að skipuleggja staðsetningu og tímasetningu orlofsins, auglýsa orlofið, skipuleggja dagskrá yfir orlofsdagana, samningum við hótél, veitingastaði, rútufyrirtæki og/eða önnur samgöngufyrirtæki, leiðsögumenn og söfn, samskipti við sveitarfélögin sem greiða orlofið, mikil símasamskipti við orlofskonur vegna veðurspár og innheimtu og ýmis innkaup vegna skemmtidagskrár.

Vegna veðurspár nokkrum dögum fyrir brottför, varð nefndin að taka mjög skjóta ákvörðun um það hvort halda ætti til streitu að halda orlofið og fara til Vestmannaeyja eins og skipulagt hafði verið. Herjólfur hafði verið sendur í viðgerð og skipið sem sigla skyldi með okkur í staðinn fyrir Herjólf, gat ekki siglt til Landeyja vegna sjóalags og veðurs. Eftir mörg símtöl og frábæra aðstoð hóteltjórans í Vestmannaeyjum, tókst okkur að ná samningum við Atlantsflug um að fljúga með okkur frá Bakka. Hringt var í allar konur sem skráðar voru og þær spurðar hvort þær væru til í að fljúga. Sem betur fer, sögðu nær allar konur já en tvær treystu sér ekki í flug.

Til Eyja flugum við með 53 konur og tók flugið frá Bakka samtals 5 klukkustundir. Einungis var flogið með 5 í einu og var spilað, sungið, prjónað og heklað á meðan beðið var á Bakka. Mun hraðar gekk að fljúga til baka að dvöl lokinni, þar sem stærri flugvél fékkst í það verk.

Hótél Vestmannaeyjar fær allar þær stjórnur sem hægt er að fá fyrir frábæra hjálp, þjónustu, vináttu og skemmtilegheit.

Konur eyddu orlofinu við safnaskoðanir, skipulagða dagsferð með leiðsögumanni, hannyrðir, spil og bingó, svo fátt eitt sé talið.

f.h. orlofsnefndar,

Anna Kr. Ásmundsdóttir

gjaldkeri

ORLOF HÚSMÆÐRA
ÁRNES-OG RANGÁRVALLASÝSLU

Rekstrarreikningur 2017

| | Gjöld | Tekjur |
|---|------------------|------------------|
| ritföng, póstur, fundir | 16.085 | |
| spilavist, bingó, söfn, leiðsögn | 166.680 | |
| auglýsingar | 74.247 | |
| akstur | 227.000 | |
| flug | 689.296 | |
| greitt f. konur í öðrum orlofum | 30.000 | |
| orlofsdvöl í Vestmannaeyjum | 3.952.129 | |
| fjármagnstekjuskattur | 12.089 | |
| bankakostnaður | 16.727 | |
| vanfærður fjárm.t.skattur 2015 og 2016 | 2.707 | |
| frá sveitarfélögum | | 2.119.047 |
| konur greiða | | 1.760.000 |
| endurgreiðsla Eimskip mismunur | | 4.440 |
| vextir af reikn nr.300902 | | 54.256 |
| vextir af reikn nr.175 | | 797 |
| vextir af minningarsj. 380945 | | 5.393 |
| leiðr. vanfærðir innvextir frá '15 og '16 | | 13.539 |
| Heildargjöld og tekjur | 5.186.960 | 3.957.472 |
| Rekstrartap | 1.229.488 | |
| | 5.183.405 | 5.183.405 |
| Efnahagsreikningur 31/12 2017 | | |
| Eignir: | | |
| Minningarsjóður Halld.Guðm. nr. 380945 | 279.511 | |
| Markaðsreikningur nr. 300902 | 131.925 | |
| Tékkareikningur nr. 175 | 242.551 | |
| Eignir alls: | 653.987 | |
| Höfuðstóll frá fyrra ári | 1.883.475 | |
| Rekstrartap | 1.229.488 | |
| Eigið fé alls: | 653.987 | |

19.03.2018

Reikningur er afskrifaður á milli aðila og
 Útvefandi og felgjafi rættu
 Kristín Bragadóttir

Íbúafjöldi miðast við 1. janúar 2018 skv. upplýsingum af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga

| Sveitarfélag | Íbúafjöldi | viðmiðunartala | heildarupphæð |
|-------------------------------|-----------------|----------------|--------------------|
| Árborg | 8995 | 110,91 | 997.635.- |
| Flóahreppur | 644 | 110,91 | 71.426.- |
| Bláskógabyggð | 1115 | 110,91 | 123.665.- |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 690 | 110,91 | 76.528.- |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 479 | 110,91 | 53.126.- |
| Sveitarfélagið Ölfus | 2111 | 110,91 | 234.131.- |
| Hveragerðisbær | 2566 | 110,91 | 284.595.- |
| Hrunamannahreppur | 774 | 110,91 | 85.844.- |
| Rangárþing ytra | 1610 | 110,91 | 178.565.- |
| Rangárþing eystra | 1798 | 110,91 | 199.416.- |
| Ásahreppur | 247 | 110,91 | 27.395.- |
| | | | |
| | samtals | | 2.332.326.- |

REIKNINGUR

4

Nafn Skeiða- og Grúpvörjahreppur
Heimili Amesi
Póstfang 801 Selfossi
Kennitala _____

Sendandi: Orlof húismætra í,
Ames- og Rangárvallasplu

Kt. 590706 - 1590

| Dags. | Lýsing | Krónur |
|---|---------------------------|-------------|
| 26/4/18 | An.: orlof húismætra 2018 | 76.528.- |
| <p>- 3. MAI 2017</p> <p>Greiðist inn á: 325-26-300902</p> <p> Sveitarstjórn Skeiða- og Grúpvörjahrepps</p> | | |
| Greitt | Þar af VSK. | Samtals kr. |

Greiðsluform Með peningum Með greiðsluk. nr. Með debetkorti